

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um vistun fylgdarlausra barna á flóttu sem eru ekki í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

- Hvaða stofnanir og úrræði starfrækja íslensk stjórnvöld til að vista fylgdarlaus börn á flóttu sem eru ekki í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda?
- Hvaða aðilar hafa umsjón með þessum stofnunum og úrræðum, hverjir eru starfstitlar starfsfólks sem þar starfar, hver er viðvera starfsfólks og hvaða hæfniskröfur eru gerðar til þess?
- Hvaða lög og reglur gilda um þessar stofnanir og úrræði og rekstur þeirra og hver hefur eftirlit með því að þeim sé fylgt?

Skriflegt svar óskast.